



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN NÁMSMANNA

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent á Bessastöðum í dag kl. 17:00.

Fjögur verkefni tengd ýmsum þáttum atvinnulífs og þjóðfélags eru tilnefnd til verðlaunanna í ár. Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs og formaður dómnefndar flytja ávörp.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru fyrst veitt árið 1996. Markmið þeirra er að verðlauna þá námsmenn sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

17. febrúar 2005